



» FARALDURINN REYNIR Á SJÁVARÚTVEGINN

Kristján Hjaltason skrifar um hvaða áhrif heimsfaraldurinn hefur haft á neyslu, framleiðslu og sölu sjávarafurða og líklegt framhald. » 8

iTUB býður sjálfbærar lausnir til flutninga á ferskum matvælum



Margnota umbúðir 100% endurnýting



www.itub-rental.com

Fiskifréttir

FIMMTUDAGUR

10. JÚNÍ 2021

23. tbl. 40. árg.



Sagður bragðbetri

Færeyingum mun alltaf hafa þótt svokallaður bankaporskur sá besti. Nánast nánast engar veiðar hafa verið leyfðar á honum árum saman. » 10

Færri og stærri

Fjárfestingar og endurnýjun á búnaði hjá stærstu fiskvinnslufyrirtækjum landsins undanfarin ár hafa verið miklar. » 12



Allt að vakna

Elías Guðmundsson, framkvæmdastjóri Fisherman á Suðureyri, segir uppsveiflu framundan nú þegar hillir undir lok heimsfaraldursins. » 16



Börkur NK, nýtt uppsjávarveiðiskip Síldarvinnslunnar, kom í fyrsta sinn til heimahafnar í Neskaupstað á fimmtudag. Skipinu var gefið nafn sitt við hátíðlega athöfn á sjómannadaginn. Beitir NK tók á móti Berki og fylgdi honum til hafnar en saman mynda skipin öflugt tvíeyki. Sjá síður 2 og 4.

MYND/ÞORGEIR BALDURSSON

Yfirskotið rúm 350 þúsund tonn

Strandríkin við Atlantshaf hafa eitt árið enn gefið út makrílkvóta án þess að heildarsamkomulag liggi fyrir um skiptingu veiðanna. Samtals er stefnt að því að veidd verði 1.206 þúsund tonn af makríl, en ráðgjöfin frá Alþjóðahafannsóknaráðinu (ICES) hljóðar upp á 852 þúsund tonn.

Íslensk stjórnvöld hafa gefið út að veiðiheimildin verði 140.627 tonn, og miða þá eins og undanfarin ár við 16,5% af ráðgjöfinni.

Bæði Norðmenn og Færeyingar hafa undanfarin ár verið með samning við Evrópusambandið um skiptingu makrílveiðanna, en sá samningur féll úr gildi á

síðasta ári þegar Bretar gengu úr Evrópusambandinu.

Fátt er vitað um það hvernig makríllinn mun hegða sér á næstu árum, en árið 2020 létu ekki nema um 4% af makrílnum í Norðaustur-Atlantshafi sjá sig á Íslandsmiðum. » 6


FRAMÚRSKARANDI LAUSNIR fyrir fiskframleiðendur

Röntgenstýrð beina- og bitaskurðarvél



Sími: 430 0600 | sales@valka.is | www.valka.is

- Nákvæmur bitaskurður
- Hámarks nýting
- Endalausir möguleikar



Áhrif kórónufaraldursins á fiskisölu - 1 grein af 3

Heimsfaraldurinn reynir á sjávarútveginn

Sjá faraldur sem farið hefur um heiminn frá upphafi síðasta árs hefur verið einstakur og valdið breytingum á lífi fólks sem enginn átti von á. Daglegt líf hefur gjörbreytst, verslanir hafa lokað, skólastarf fór að mestu leyti fram í heimahúsum og samgöngur milli landa hafa að miklu leyti legið niðri. Þar að auki hafa fréttir snúist að mestu um veiruna. Neysla matvæla breyttist því veitingahús lokuðu sem og mörg mótuneyti og náði það einnig til neyslu á fiski og hafa viðskipti með sjávarafurðir ekki farið varhluta af þessum breytingum. Nú þegar tekist hefur að ná tökum á útbreiðslu faraldursins á Vesturlöndum er vert að skoða hvaða áhrif breytt neysla hefur haft á framleiðslu og sölu sjávarafurða og hvert framhaldið getur orðið.

Samdráttur á mörgum sviðum

Kórónafaraldurinn hófst í desember 2019 í Kína, fljótlega eftir það hófust aðgerðir í þar í landi og víðar í Asíu til þess að hefta útbreiðslu veirunnar. Í febrúar 2020 barst hún til Vesturlanda og í mars innleiddu Evrópulönd og Bandaríkin aðgerðir til að hefta útbreiðsluna. Þær aðgerðir sem gripið var



Faraldurinn olli því að neytendur nálgast sinn fisk með öðrum hætti en áður.

MYND/KRISTJÁN HJALTASON

til voru einstakar. Mikilvægustu aðgerðir snéru að lokun veitingahúsa og verslana, allar samkom-

ur voru bannaðar, starfsfólk var sagt að sinna vinnu heiman frá, þar sem það var hægt, skólum var

lokað, og ferðalög með flugvélum og skipum lögðust að mestu af.

Ríkisstjórnir margra ríkja gripu samhliða þessu til stuðnings við þær atvinnugreinar sem urðu fyrir mestu bússifjum í ýmsu formi, s.s. að greiða hluta af launum starfsfólks, með beinum fjárhagslegum stuðningi, með setningu laga um frestun afborgana af lánum og frestun á gjaldþrotameðferð. Þessar aðgerðir leiddu til þess að atvinnuleysi varð minna en óttast var og kaupgeta hélst uppi, en samt dróst landsframleiðsla í vestrænum löndum saman um samtals 5% árið 2020.

Sóttvarnaaðgerðirnar urðu til þess að neysla utan heimilis varð mjög lítil. Það skaðaði veitingahúsamarkaðinn verulega, en á móti jókst smásala mikið sem og heimsendingarþjónusta hvers konar. Einnig jókst sala á netinu gífurlega, margt það sem keypt var vanalega í verslunum var keypt á netinu.

Faraldurinn hefur haft mikil áhrif á sölu matvæla og neyslu sjávarafurða. Hér verður reynt að varpa ljósi á helstu breytingar sem hann hefur haft á veiðar, vinnslu og sölu fyrir íslensk sjávarútvegsfyrirtæki.

Mest neysla heima

Lokun veitingahúsa hefur haft alvarlegar afleiðingar fyrir mörg sjávarútvegsfyrirtæki, en þessi markaður er mjög miklvægur fyrir margar fisktegundir og afurðir. Neysla utan heimilis er mjög misjöfn eftir löndum, í BNA er hlutur hennar líklega um 75% á meðan hún er að meðaltali innan við 50% í Evrópu. Þar sem flug lagðist að mestu af og skemmtiferðaskip



Kristján Hjaltason

“

Á síðasta ári jókst smásala í Evrópu um allt að 20%, og sem dæmi um mikla söluaukningu er að í Þýskalandi jókst innflutningur á niðursoðnum túnfiski um 30% frá árinu á undan.

voru bundin við bryggju, fóru lönd sem byggðu tekjur sínar á ferðamönnum mjög illa út úr þessum aðgerðum og fór sjávarútvegurinn ekki varhluta af því.

Almenningur þurfti því að breyta kauphegðun sinni, því fólk borðaði aðallega heima hjá sér. Smásala jókst mjög mikið, í byrjun varð hrein sprenging m.a. vegna þess að fólk vildi birgja sig upp ef það kæmi til vöruskaorts. Á síðasta ári jókst smásala í Evrópu um allt að 20%, og sem dæmi um mikla söluaukningu er að í Þýskalandi jókst innflutningur á niðursoðnum túnfiski um 30% frá árinu á undan. Fyrirtæki í heimsendingarþjónustu juku einnig mjög sína sölu, þýska heimsendingarfyrirtækið Eismann jók t.d. sína veltu á síðasta ári um 20%. Heimsending á mat frá veitingahúsum jókst einnig verulega og sala á netinu tók mikinn kipp.

Í næstu grein mun ég skoða nánar áhrif þessara breytinga á sölu sjávarafurða, á einstaka tegundir og afurðir.

Höfundur býr í Berlín, hann hefur starfað sem sölustjóri hjá Norebo Europe frá 2009 og sér um sölu á frystum afurðum á meginlandi Evrópu. Kristján er einn af stofnendum Sjávarútvegsráðstefnunnar.

Sjóvá óskar útgerð Síldarvinnslunnar og áhöfn til hamingju með nýtt og glæsilegt skip, Börk NK 122



MYND GUÐMUNDUR ST. VALDIMARSSON

SJÓVÁ